

# Lög foreldrafélags Jötunheima

1. gr.

Félagið heitir Foreldrafélags Jötunheima.  
Félagið starfar skv. 4. kafla [laga nr. 90/2008 um leikskóla].\*

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er [að]\* Norðurhólum 3, 800 Selfoss.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að:

- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í leikskólanum
  - stuðla að velferð barnanna
  - efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks leikskólans
- styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og þroskaskilyrði
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál og stuðla þannig að styrku uppeldisstarfi leikskólans sem og ytri umgjörð hans

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með [því]\* að:

- koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál
- standa að upplýsingamiðlun til foreldra m.a. með útgáfu fréttabréfs
- veita stjórnendum leikskólans lið við að efla innra og ytra starf skólans
  - taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög

5. gr.

Stofnfélagar eru:

Ragnheiður Gló Gylfadóttir, kt. 070180-4999

Linda Björk Sigurðardóttir, kt. 131177-4889

Hrönn Erlingsdóttir, kt. 070578-5739

Guðbjörg Gunnarsdóttir, kt. 170372-5229

Kristjana Hallgrímsdóttir, kt. 190572-3669

Anne Bruun Hansen, kt. 270369-2439

6. gr.

Allir forráðamenn barna í leikskólanum Jötunheimum eru sjálfkrafa aðilar að félaginu á meðan barnið dvelur í leikskólanum.

7. gr.

[Stjórn félagsins skal kjörin á aðalfundi og skipuð fimm manns sem kjörnir eru til eins árs í senn.

Formaður skal kjörinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Ákjósanlegast er að forráðamenn bæði yngri og eldri deilda leikskólans eigi fulltrúa í stjórn.

Auk formanns skal stjórn skipuð varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda.

Stjórn skal funda svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á skólaári. Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim eða varaformaður í hans forföllum. Ritari annast fundarritun. Gjaldkeri annast fjárreiður félagsins og fer með prókuru þess.]\*

8. gr.

Starfstímabil félagsins er skólaárið frá ágúst fram í júlí. Aðalfund skal halda á tímabilinu 1. sept. til 15. okt. ár hvert. Skal boða til hans með auglýsingu með minnst viku fyrirvara og telst hann því aðeins löglegur sé löglega til hans boðað.

Á aðalfundi félagsins skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Allir félagsmenn mega vera þátttakendur á aðalfundi.

Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:

- a) Skýrsla [stjórnar]\*
- b) Reikningar félagsins
- c) Kosning stjórnar
- d) Lagabreytingar
- e) Ákvörðun [árgjalds]\*
- f) Önnur mál

9. gr.

Árgjald félagsins skal innheimt í upphafi skólaárs.  
Árgjald er ákveðið á aðalfundi.

10. gr.

Rekstrarafgangi af starfsemi félagsins skal varið í lok skólaárs til uppákoma eða fræðslu til forráðamanna og barna/nemenda við leikskólann [eða til gjafa til leikskólans]\*.

11. gr.

Ákvörðun um slit félagsins verður tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta félagsmanna og renna eignir þess til leikskólans Jötunheima.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins og [öðluðust]\* gildi þann  
22. janúar 2009

Framangreindar breytingar voru samþykktar á aðalfundi og öðlast gildi þann  
26. september 2023